

The page features a decorative graphic on the right side consisting of three blue circles of varying sizes, each with a lighter blue ring around its center. These circles are connected by thin blue lines that form a triangular shape. The largest circle is at the top right, a smaller one is in the middle, and the largest of all is at the bottom right, partially cut off by the edge of the page.

Skólanámskrá
Brúarskóla
2011 - 2012

Skólanámskrá Brúarskóla 2011 - 2012

1. Lög og reglugerðir

Lög um grunnskóla

Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 - 16 ára. Starfstími nemenda í grunnskóla skal vera 9 mánuðir árlega. Kennsludagar skulu eigi vera færri en 170. Samkvæmt kjarasamningi KÍ og LN 2001 skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Markmið grunnskólans:

- Að búa nemendur undir líf og starf í samvinnu við heimilin.
- Að haga störfum sínum í fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda.
- Að stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Börn og unglingar sem eiga erfitt með nám sökum t.d. fötlunar, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða í sérskóla. Telji foreldrar barns eða forráðamenn, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í heimaskóla geta forráðamenn sótt um skólavist fyrir það í sérskóla.

Sérskólum er ætlað:

- Að veita nemendum sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma.
- Að veita starfsfólki almennra grunnskóla ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning.

Lög um grunnskóla nr .91/2008

1.1 Hlutverk Brúarskóla

Brúarskóli er sérskóli á grunnskólastigi og er rekinn af Reykjavíkurborg fyrir nemendur í 4.- 10. bekk:

- með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda.
- sem eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum
- sem eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota

Flestir nemendur skólans eru búsettir í Reykjavík. Brúarskóli Vesturhlíð er hugsaður sem tímabundið úrræði fyrir nemendur, 1-2 annir.

1.2. Starfsemi Brúarskóla skiptist í:

Kennslusvið

- Kennsla í Vesturhlíð 5 (4. – 10. bekkur) 25 nemendur, 1 – 2 annir
- Kennsla í Brúarseli, Kleifarseli 18 (5. – 7. bekkur) 6 nemendur, 1 önn að jafnaði
- Kennsla við Barna- og unglíngageðdeild (1. -10. bekkur) 12-14 nemendur, ~6 vikur
- Kennsla á Stuðlum (7. – 10. bekkur) 8 nemendur, ~6 vikur

Ráðgjafarsvið

- Ráðgjafarsvið þjónar bæði Brúarskóla og almennum grunnskólum.

2. Skólastarfið

2. 1. Markmið

- Markmið skólans er að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla.
- Megináhersla er lögð á að veita nemendum kennslu út frá áhuga og getu hvers og eins, að styrkja og bæta hegðun, félags- og samskiptahæfni.

2. 2. Leiðir að markmiðum

- Kennslan skal taka mið af þörfum, þroska, færni, áhuga og aldri nemandans.
- Kennslan skal vera eins fjölbreytt og kostur er og ná að höfða til nemenda, bæði hvað varðar gögn og aðferðir

2.3. Kennslan

- Kennt er í litlum námshópum..
- Kennslan er einstaklingsmiðuð. Gerð er námsáætlun fyrir hvern nemenda sem er byggð á mati á stöðu nemandans og upplýsingum frá foreldrum og fleiri aðilum. Námskrár nemenda eru skriflegar og þær eru endurmetnar reglulega.
- ART (agression replacement training) er ein af undirstöðum skólastarfsins ásamt því að vinna með hegðun á skipulagðan og lausnarmiðaðan hátt. Í ART er unnið með félagsfærni, reiðistjórnun, samskipti og siðferðisþroska. Ennfremur er lögð mikil áhersla á íþróttir og útivist, list- og verkmennt, íslensku, (lestur, lesskilningur, hlustun, tjáning, umræða) stærðfræði,ensku, unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla miðað við stöðu hvers og eins.
- Nemendur í 9. og 10. bekk eiga kost á starfstengdu námi.
- Í öllum námsgreinum er reynt að ná tengingu við daglegt líf.
- Hver námshópur hefur sitt skipulag sem tekur mið af hópnum. Skipulagið er sent heim og er einnig sýnilegt í kennslustofum.
- Í upphafi hvers dags liggur fyrir skipulag dagsins – nemendum skiljanlegt

2.4. Mat

Símat fer fram í kennslunni.

Að hluta til meta nemendur sig sjálfir

Stöðumat um hvern nemanda fer fram á 3ja mán. fresti

Ekki er um eiginleg próf að ræða nema foreldrar og nemandi óski eftir samræmdum prófum.

2.5. Hugmyndafræði og stefna

- Meginhlutverk Brúarskóla er að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði til að nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni og byggt sjálfan sig upp í námi og skólastarfi.
- Öll hegðun er lærd, í Brúarskóla kennum við nýja hegðun
- Við höfum öll sjálfstæðan vilja og áhuga sem kemur innan frá og stýrir hegðun okkar.
- Að lífsgildi Brúarskóla séu öllum ljós og að þau hafa mótandi áhrif á hegðun okkar og samskipti.
- Mikilvægt er að viðurkenna eigin mistök og leiðréttu þau
- Markmið með uppbyggingu er að kenna, en ekki útdeila viðurlögum eða refsá.
- Uppbygging er ferli sem kennir sjálfsaga og þar með betri hæfni til að meta hegðun sína.
- Að nemendur læri af mistökum sínum og komi frá þeim með reisn sem betri og hæfari einstaklingar.
- Að nemandinn læri að bera ábyrgð á gerðum sínum og afleiðingum þeirra.
- Að nemandi geri sér betur grein fyrir eigin stöðu, þ.e. bæði styrkleikum og veikleikum sínum.
- Að nemandi læri að hann getur með stuðningi unnið með sinn vanda og sínar sterku hliðar.
- Að starfsfólk geri sér grein fyrir eigin líðan, stöðu, getu og takmörkunum sínum.
- Að starfsfólk noti ekki skammir og/eða hótanir í samskiptum við nemendur.

2.6. Hefðir í skólastarfinu

Þemadagar

Einu sinni á hvorri önn eru þemadagar, þá er hefðbundið skólastarf sett til hliðar og unnið út frá ákveðnu viðfangsefni sem ákveðið er hverju sinni. Unnið er þvert á hópa, starfsmenn og nemendur sameina krafta sína á skemmtilegan hátt. Í lok þemadaga er opið hús fyrir foreldra og gesti þar sem afrakstur vinnunnar er sýndur.

Jólafondur

Í desember er jólafondurdagur, á kennslutíma þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn koma saman og fönðra, spila eða annað sem gleður hugann. Boðið er upp á kakó og piparkökur.

Jólahátíð

Síðasta kennsludag fyrir jól er jólastund í skólanum. Nemendur sjá um skemmtiatriði og nemendur og starfsmenn borða saman jólamáltíð.

Öskudagur

Á öskudag mæta nemendur og starfsmenn í búningum í skólann, fara í leiki og slá köttinn úr tunnunni.

2.7. Skólatíminn

Kennsla hefst alla morgna kl. 8:10.

Á miðstigi er kennt frá kl.8:10 – 13:20 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga og frá kl.8:10 – 11:45 á miðvikudögum og föstudögum.

Í unglingsáttíunda er kennt frá kl.8:10 – 13:30 á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl.8:10 – 12:00 á miðvikudögum og föstudögum.

Lítið er á allan tíma nemenda sem kennslutíma frá því að þeir mæta í skólann og þar til þeir fara heim. Engar frímínútur eru og engin löng matarhlé. Kennarar fara með nemendum í morgunmat og hádegismat og er litið á þær stundir sem kennslustundir.

3. Nemendur

Nemendur Brúarskóla hafa allir stundað nám í almennum skóla og beðið þar lægri hlut gagnvart þeim kröfum sem þeir hafa átt að uppfylla. Ástæðurnar eru margvíslegar bæði geðræn, félags- og námsleg vandamál. Mörgum hefur gengið illa í skóla, oft í langan tíma. Hjá öðrum hefur skólagangan farið úr skorðum þegar unglingsárin nálgast. Nær allir nemendurnir eiga það sameiginlegt að sjálfsmynd þeirra er orðin mjög neikvæð sem brýst oft út í mótþróafullu atferli og erfiðum samskiptum við aðra. Þeir eru orðnir vanir því að gefa frá sér skólaverkefni, skröpa í kennslustundum, sýna neikvæða og truflandi hegðun, eru árásargjarnir og/eða hætta að trúa því að skólagangan geti gengið upp hjá þeim. Hjá öðrum nemendum kemur fram depurð og vonleysi. Löngunin til að standa jafnfætis öðrum og til að uppfylla kröfur og væntingar samfélagsins til náms virðist þó oftast fyrir hendi. Reynt er að byggja á sterkum hliðum hvers nemanda til frekari uppbyggingar. Hvað viðkemur námsstöðu er algengast að nemendurnir hafi ekki staðist þær kröfur sem almenni skólinn hefur gert. Nemendur búa oft yfir fjölbreyttum hæfileikum á ýmsum sviðum, t.d. myndmennt, tónlist, heimilisfræði og annarri verklegri og skapandi vinnu.

3.1. Skipulag í hópum

Nemendum er skipt í miðstig og unglingsstig.

3.2. Inntaka/útskrift

Nemendur innritast í Brúarskóla í 1 eða 2 annir og gerður er skólasamningur um skólavistina.

Þegar kemur að útskrift fer fram einstaklingsmiðuð aðlögun að viðtökuskóla. Kennari Brúarskóla fylgir nemanda eftir inn í viðtökuskóla.

4. Samstarf

4.1. Foreldrasamstarf

- Kennarar skrá í Mentor (a.m.k x 2 í viku)
- Allir foreldrar með aðgang að Mentor
- Nota tölvupóst x1 í viku, hringja u.þ.b. x1 í mánuði vegna starfsins í bekknum
- Hitta foreldra og nemanda áður en skólinn byrjar
- Kennarar með símatíma x1 í viku
- Foreldrafundir eru a.m.k x2 á önn og oftast ef þurfa þykir.
- Stöðumat á 3ja mánaða fresti
- Fræðsla x1 á önn
- Þegar sérstaklega erfið mál koma upp og þörf er á að hitta foreldra reglulega er það skipulagt af stjórnendum (skólastjórum og deildarstjóra ráðgjafasviðs) með/án þátttöku umsjónarkennara.

4.2. Samstarf innan skóla

- Allir starfsmenn skólans koma saman a.m.k einu sinni í mánuði á fundi
- Kennarahópar funda með ráðgjafasviði
- Allir starfsmenn sem koma að hverjum hóp funda einu sinni í viku
- Hver starfsstóð fundar a.m.k.tvisvar í mánuði
- Útblástursfundir á föstudögum í lok kennslu
- Stjórnendateymi fundar tvisvar í mánuði
- Ráðgjafateymi fundar a.m.k.tvisvar í mánuði

4.3. Aðrir samstarfsaðillar utan skóla

- Barnavernd
- Barnaverndarstofa
- BUGL
- Greiningar- og ráðgjafarstóð ríkisins
- Grunnskólar Reykjavíkur
- Lögreglan
- Menntasvið
- Þjónustumiðstöðvar

5. Starfsmenn

Í Brúarskóla er starfsfólk sem:

- Hefur góða faglega þekkingu
- Hefur metnað og eflir heildina
- Er sveigjanlegt og vinnur vel í hópi
- Skarar fram úr á sínu sviði
- Er frumlegt og útsjónarsamt
- Er traust og áreiðanlegt
- Skapar og miðlar þekkingu
- Er hjartsýnt og jákvætt
- Sýnir æðruleysi gagnvart aðstæðum sem ekki verður við ráðið

Það sem starfsfólk Brúarskóla býr yfir er :

- **Uppbygging** - við veitum nemendum okkar nám við hæfi og byggjum þá upp svo þeir geti sótt nám í almennum skóla
- **Virðing** - Við virðum þarfir nemenda okkar og berum virðingu hvert fyrir öðru.
- **Samvinna** - við erum öflug liðsheimild með fjölbreyttan uppruna. Við virðum og treystum hvert öðru.
- **Sveigjanleiki** - við leitum sífellt nýrra aðferða og leiða til að bæta starf okkar.
- **Framsækni** – við sýnum frumkvæði og beitum markvissum aðgerðum í kjölfar ákvarðana. Við látum hlutina gerast og erum staðráðin í að ná árangri.
- **Metnaður** – við sýnum metnað í starfi með það að markmiði að vera í forystu á okkar sviði.

6. Símenntun

Á hverju skólaári er gerð símenntunaráætlun annars vegar fyrir skólann í heild og síðan gerir hver starfsmaður áætlun um eigin símenntun. Þema skóalársins er: „Úr viðjum vanans“

Skólaárið 2011 – 2012 er megináhersla á SMILE. Starfsmenn skólans sjá um fræðslu og kynningar, boðið verður upp á skyndihjálparnámskeið og fengnir fyrirlesarar inn í skólann.

7. Ráðgjöf

Við Brúarskóla er starfandi ráðgjafasvið, þar starfa deildarstjóri, sálfræðingur, ráðgefandi þroskaþjálfari og kennsluráðgjafi. Sviðið þjónar Brúarskóla og öðrum grunnskólum. Skólar geta sótt um ráðgjöf á þar til gerðum eyðublöðum. Ráðgjafasvið kemur að inntöku í skólann.